

5. gr.

3. málslíður 12. gr. laganna breytist og hljóði þannig: Gegn ríkisábyrgð eða ábyrgð þriðja aðila er sjóðsstjórn telur fullnægjandi.

6. gr.

Lög þessi skal fella að lögum nr. 68 frá 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, ásamt breytingum á þeim lögum, nr. 19 1968, nr. 42 1971, nr. 50 1973, nr. 68 1974, nr. 44 1977, nr. 59 1979 og nr. 44 1982, og skulu lögin þannig gefin út í heild. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 54 6. júní 1980, um Iðnrekstrarsjóð.

Ákvæði 1. tl. 5. gr., 3. tl. 8. gr., 2. tl., 3. tl. og 4. tl. 9. gr. skulu tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1988.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1984. Frá og með þeim degi yfirtekur Iðnlánasjóður allar eignir og ábyrgist allar skuldir og ábyrgðir Iðnrekstrarsjóðs, og til hans skulu renna stofnframlög ríkisins vegna Iðnrekstrarsjóðs á árinu 1984.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

**um heimild til að selja ríkisjörðina Selárdal í Suðureyrarhreppi,
Vestur-Ísafjarðarsýslu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Suðureyrarhreppi ríkisjörðina Selárdal í Suðureyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Námuréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin við sölu, sömuleiðis vatns- og hitaréttindi umfram heimilispörf ábúanda Selárdals, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta hin undanskildu réttindi.

Jörðina eða hluta hennar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði.

Náist ekki samkomulag um söluverð skal mat dómkvaddra manna ráða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.